REGLUGERÐ

72
19. maí

um veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins Fákur.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 1 kr., 2 kr., 5 kr., og 10 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skipt þannig:

a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, er veðjað hefir verið um, á þann hest, er vinnur.
b. Afganginum (20%) sé varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins, og til reiðvegar Reykvíkinga. Tillagið til reiðvegarins má þó aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af starfsemi þessari.

4. gr.

Að hverju hlaupi loknu skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinningar borgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd, ef hestur hleypur upp eða fer ekki af stað og komi, af þeim eða öðrum orsökum, ekki til greina samkvæmt kappreiðarreglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt, endurgreiðist veðfé aftur, að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgzt, að innskot fáist að fullu aftur.

8. gr.

Þeir sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðarreglum félagsins og úrskurði dómnefndar, t. d. þegar knapi er dæmdur úr leik, missir hestur hans rétt til veðfjár o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klukkustund eftir síðasta hlaup og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Unglingar innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. júní næstkomandi og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45 31. maí 1927, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 19. maí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.